

**1. fundur foreldrafélags**  
**Haldinn í Grunnskólanum**  
**7.11.2018 og hófst hann kl. 18:00**

Fundinn Sátu: Guðrún Harpa formaður, Magnús Ingi ritari, Lára Björg gjaldkeri, Snæbjört Sandra (1. bekkur), Guðfinna og Þórný (3. bekkur), Guðbjörg og Þóra (4. bekkur), Halladís (5. bekkur), Magda (6. bekkur), Gyða (8. bekkur), Ægir og Lucia (9. bekkur).

Formaður setti fund og óskaði eftir tveimur fulltrúum til að sitja í ráðinu til 2 ára. Ekki komu framboð og málið því ekki afgreitt.

Tilaga um að breyta fundartíma vegna kleinubakstur fyrsta miðvikudag í mánuði. Ákveðið að hafa fundina annan miðvikudag í mánuði. Kl. 18:00.

Formaður og gjaldkeri fóru yfir tillögur að fræðslu og fyrirlestrum sem óskað hefur verið eftir að foreldrafélagið styrki. Skólinn hefur óskað eftir að fá sjálfstýrkinganámskeið frá Bjarna Fritz og Kristínu <http://utfyrirkassan.is>. Ungmennaráð og hópur foreldra hefur óskað eftir fræðslu sem beinist að notkun samfélagsmiðla og tengingu hennar við einelti og kvíða. Tekin ákvörðun um að styrkja a.m.k. 250 þúsund í námskeið og þá mikilvægt að bæði viðfangsefnin fái umfjöllun.

Ræddir möguleikar á því að tengja fyrirlestrana saman ef ekki þarf að óska eftir hugmyndum að fyrirlesurum að samfélagsmiðlanotkun, kvíða og þunglindi og kostnaði. Hægt t.d. að leita til Emils sálfræðings með tillögur að aðila sem er með námskeið um kvíða og samfélagsmiðla.

Magnús tók að sér að fá svör frá Bjarna Fritz um hvort þau geti tekið fyrir notkun samfélagsmiðla, einelti og kvíða í sömu ferð?

Umræða um tímasetningu fyrir Jólaföndur og nefnt í þeim efnum síðasta vikan í nóvember eða fyrsta vikan í desember. Ekkert ákveðið en tillaga að 27. Og 28. nóvember eða 6. Og 7. Des. Uppástunga um að bregða út af vana, bjóða ekki upp á hefðbundið föndur heldur spilakvöld eða stund upp í skóg með kakó, kökur og ratleik. Fundurinn samála um að hlera ungafólkið og leggja könnun fyrir bekkina hvað þau vilja gera. Formaður og ritari tóku að sér að framkvæma þessa könnun sem allra allra fyrst.

- A) Jólaföndur með kakó, rjóma og kökum.
- B) Nýrækt, kakó, rjómi, köku og ratleikur.
- C) Spilakvöld með kakó, rjóma og kökum.

Þórný Alda tók að sér að stofna facebook hóp fyrir foreldrafélagið.

Rætt um að Halloween mætti skipuleggja næst í gegnum foreldrafélagið a.m.k. upplýsa bæjarbúa um daginn og þar sem ekki allir kæra sig um að taka þátt í þessum Ameríska sið þá mætti útfæra það þannig að þeir sem vilja vera með hafi ljós fyrir utan húsið t.d. í graskeri eða kertaljós. Koma þarf þessum hugmyndum til næsta foreldrafélags 2019/2020.

Formaður Guðrún Harpa starfsmaður heilsdagsskólans Regnbogalands upplýsti fundinn um að Regnbogaland væri á hálfgerðum verðgangi með sýna starfsemi. Skólin gerði sitt besta til þessa að leysa úr stöðunni, ekki væri boði sama rýmið milli daga og því skipulag og starfið erfitt viðureignar og íþyngjandi fyrir starfsfólk. Tekin ákvörðun um að stjórnin setti saman áskorun til bæjaryfirvalda um að leysa úr vanda Regnbogalands í nánú samstarfi við starfsfólk.

Spurst var fyrir um það hvort rétt væri að börn sem lokið hafa skóladegi mættu ekki nýta skólalóðina til leiks. Það var staðfest en jafnframt stungið upp á hvort setja mætti heilsdags krakka í gul vesti þannig að greina mætti þau frá hinum.

Spurst fyrir um hvort tvö stæði þyrftu fyrir fatlaða þar sem plássleysi ríkir á bílastæðum skólans.

Umræða um að ekki sé viðeigandi að skólin bjóði upp á bannaðar myndir í skólastarfi eða yfir höfuð.

Næsti fundur þarf að vera fljótlega og helst í næstu viku þar sem taka þarf ákvörðun með jólaföndur eða ekki jólaföndur og þá tímasetningar.

Fundin ritaði.

Magnús Ingi Bæringsson